



# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Benchmark Genetics Iceland hf.

Kennitala: 620391-1079

Aðsetur: Bæjarhrauni 14  
220 Hafnarfjörður

Rekstrarleyfisnúmer: FE-1181

Leyfið gildir til: 20.12.2037

Starfsemi:

SE 1 - Lax / Salmo salar

Í gildi frá:

20.12.2021

AE 2 – Lax / Salmo salar

20.12.2021

Landeldi. Hámarksliðmassi 500 t. Seiða- og matfiskeldi. Frjór laxastofn: StofnFiskur.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfì eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur strjúki vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem strýkur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroka sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleidiðanda hrogna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að **leyfi til framkvæmda** sé til staðar. Einnig þarf **nýtingarleyfi Orkustofnunar** og **staðfesting Skipulagsstofnunar** á deliskipulagi að liggja fyrir. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð úttekt Matvælastofnunar og því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknun sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

   
Vigdís Sigurðardóttir, fagsviðssjóri fiskeldis

 **MAST** Matvælastofnun  
Icelandic Food and Veterinary Authority